

Fundargerð

Samstarfsnefnd Dalabyggðar og Húnaþings vestra

Samstarfsnefnd Dalabyggðar og Húnaþings vestra kom saman til 7. fundar þann 17. október 2025 kl. 15:00 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu:

- Ingibjörg Þóranna Steinudóttir, Dalabyggð
- Skúli Hreinn Guðbjörnsson, Dalabyggð
- Magnús Eðvaldsson, Húnaþingi vestra
- Magnús Magnússon, Húnaþingi vestra
- Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri Dalabyggðar
- Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra
- Jón Hrói Finnsson, KPMG
- Lilja Ósk Alexandersdóttir frá KPMG sem ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Íbúasamráð

LÓA kynnir niðurstöður íbúasamráðs frá íbúafundum sem haldnir voru 14. og 15. október sl.

2. Álit

Lögð fram drög að skilabréfi og álit samstarfsnefndar. Samþykkt að skila eftirfarandi álit til sveitarstjórna Dalabyggðar og Húnaþingi vestra:

„Dalabyggð og Húnaþing vestra eru lík að landkostum, íbúasamsetningu, búsetumynstri og atvinnulífi. Við sameiningu sveitarfélaganna yrði að mati nefndarinnar til öflugra sveitarfélags með sterkari stjórnsýslu, faglegri þjónustu og meiri slagkraft í hagsmunagæslu til að byggja upp innviði og auka fjölbreytni í atvinnulífi eins og sjá má í greiningargögnum samstarfsnefndar (fylgiskjal I). Nefndin telur að sameining myndi stuðla að aukinni byggðafestu og auka aðdráttarafl fyrir nýja íbúa og starfsmenn. Helstu áskoranir sameinaðs sveitarfélags væru að tryggja jafnt þjónustustig, viðhalda staðbundnum sérkennum og tryggja að íbúar upplifi áfram nálægð og öryggi í þjónustu. Nefndin telur að mæta megi þeim áskorunum og leggur áherslu á að t.a.m. verði Húnavetningar áfram Húnavetningar og Dalamenn áfram Dalamenn þótt stjórnsýslueiningarnar tvær sameinist.

Fjárhagur sameinaðs sveitarfélags yrði sterkur og fjárfestingargeta þess betri en hjá sveitarfélögunum hvoru um sig. Sérstök sameiningarframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á næstu árum myndu auka svigrúm til fjárfestinga í sameinuðu sveitarfélagi, minnka þörf á lántöku og lækka fjármagnskostnað. Jafnframt hefur verið kynnt að reglubundin framlög Jöfnunarsjóðs munu hækka í sameinuðu sveitarfélagi ef af verður.

Það er samdóma álit samstarfsnefndar um sameiningu Dalabyggðar og Húnaþings vestra að sameining væri framfaraskref fyrir sveitarfélögin og íbúa þeirra.“

Einnig ákveðið að beina tilmælum til undirbúningsstjórnar um að svigrúm í fjárhag verði nýtt til að jafna gjaldskrár niður á við ef til sameiningar kemur, að jafnræðis verði gætt í þjónustu og að mótuð verði þjónustustefna þar sem fram koma markmið um þjónustustig og jafnt

aðgengi íbúa að þjónustu og stjórnsýslu. Jafnframt mælist nefndin til þess að vilji íbúa til þess að halda í starfsstöðvar sem til staðar eru verði hafður að leiðarljósi og að kannaðir verði möguleikar á úrræðum til að tryggja áhrif íbúa á nærþjónustu og -umhverfi, s.s. með heimastjórnnum eða öðrum viðlíka lausnum.

Samþykkt að fulltrúar fái skilabréfið sent eftir fundinn til yfirlestrar og athugasemda.

3. Annað

- Fundir sveitarstjórna verða haldnir fimmtudaginn 23. október nk. þar sem álit samstarfsnefndar verður tekið til umræðu.
- Rætt um kynningarmál. Farið yfir drög að dreifibréfi og auglýsingaefni fyrir heimasíður. Miðað er við að dreifibréfi verði dreift með pósti. Ráðgjöfum KPMG falið að kanna verð og dreifingartíma. Einnig ákveðið að fela ráðgjöfum að kanna verð á kostuðum auglýsingum á Facebook.
- Unnið er að uppfærslu forsenduskjals samstarfsnefndar sem fylgja mun álitinu.

Fundi slitið kl. 16:45.